

**Nd.**

**157. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiðist ár hvert í erfðafjárskatt, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

### 3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, þar með talin börn hjá foreldrum, er giftst hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa giftst á árinu en verðlaun geta hlotið. Hvert einstakt hjú, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, hefir rjett til hluttökunnar. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtingablaðinu.

### 4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slik hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúið var hjá honum sem árs-hjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til rikissjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

### 5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnu-menskutímabilinu hafi, með samþykki húsbænda sinna, verið við nám vetr-armánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem hjú allan annan tíma ársins.

### 6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans sem vaxtaeiganda.

### 7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.